

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 50. fundur.

að Hlíðavegi 6, 8. janúar 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Akstursípróttakl. Mývatnssveitar, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir þremur ískrossmótum sem haldin verða á Stakhólstjórn við Skútustaði.
3. Bréf frá Péttri Snæbjörnssyni f.h. Baðfélags Mývatnssveitar, þar sem hluthöfum er boðið að auka hlut sinn í félaginu.
4. Tvö bréf frá Bergi E. Ágústssyni f.h. Norðurlands þar sem sagt er upp samningum um félags- og skólabjónustu.
5. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á tillögu að matsáætlun vegna rannsóknarborana við Kröflu.
6. Erindi frá Atvinnuþróunarfél. Þing., þar sem óskað er eftir styrk við verkefnið „Íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum“.
7. Erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. AP., vegna framlaga sveitarfélaganna til AP. á grundvelli samstarfssamnings.
8. Fulltrúi í stjórn Náttúrustofu Norðausturlands.
9. Fyrirhugðuð sameining Heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.
10. Forsvarsmenn AP. mæta til fundarins.

Til kynningar.

Fundargerð hluthafafundar Sorpsamlags Þingeyinga frá 9. des.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfél. frá 12. des.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Landsvirkjunar dags. 18. des.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 8, 9 og 10, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Akstursíþróttakl. Mývatnssveitar, þar sem óskað er eftir leyfi fyrir þremur ískrossmótum sem haldin verða á Stakhólstjórn við Skútustaði.

Með bréfi dags. 5. janúar er óskað eftir leyfi til að halda þrjú ískrossmót í Mývatnssveit, 17. janúar, 21. febrúar og 14. mars. Sveitarstjórn veitir umbeðin leyfi fyrir sitt leyti.

3. Bréf frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Baðfélags Mývatnssveitar, þar sem hluthöfum er boðið að auka hlut sinn í félaginu.

Í bréfi dags. 18. desember s.l. kemur fram að á hluthafafundi Baðfélags Mývatnssveitar hf. 12. júní 2007 hafi verið samþykkt heimild til stjórnar félagsins um að auka hlutfé félagsins í A flokki um allt að 20 millj. króna. Jafnframt var á þeim fundi samþykkt að núverandi hluthafar í félaginu féllu frá forkaupsrétti sínum að aukningunni. Þar sem enn er töluverður hluti af fyrrnefndri hlutfjárukningu óseldur ákvað stjórn Baðfélags Mývatnssveitar hf. á stjórnarfundi 12. desember s.l. að bjóða hluthöfum þessa hluti til sölu. Sveitarstjórn ætlar ekki að auka hlut sinn í Baðfélagi Mývatnssveitar hf. að svo stöddu.

4. Tvö bréf frá Bergi E. Ágústssyni f.h. Norðurþings þar sem sagt er upp samningum um félags- og skólaþjónustu.

Með bréfum dags. 29. desember tilkynnir sveitarstjóri Norðurþings uppsögn á samningum um félags- og skólaþjónustu. Forsaga þess er uppsögn Þingeyjarsveitar á fyrrnefndum samningi sem byggir á samningi sveitarfélaga við Héraðsnefnd Þingeyinga frá 1998. Uppsögnin tekur gildi frá og með 1. janúar 2010.

Sveitarstjórn beinir því til Héraðsnefndar Þingeyinga að koma á nýjum samstarfssamningi milli Norðurþings annars vegar og annarra aðildarsveitarfélaga HÞ hins vegar. Mikilvægt er að þeirri miklu vinnu sem unnin er á vegum félags- og skólaþjónustunnar verði áfram haldið, og einnig að þeirri góðu samstöðu sem ríkt hefur á milli sveitarfélaganna um veigamikil málefni verði viðhaldið.

5. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um tillögu að matsáætlun vegna rannsóknarborana við Kröflu.

Með bréfi dags. 19. desember óskar Skipulagsstofnun umsagnar sveitarstjórnar um tillögu að matsáætlun vegna rannsóknarborana við Kröflu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrrnefnda matsáætlun.

6. Erindi frá Atvinnuþróunarfél. Þing., þar sem óskað er eftir styrk við verkefnið „Íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum“.

Með bréfi dags. 17. desember leitar AÞ til Skútustaðahrepps með beiðni um fjárstyrk við verkefnið „Íslensku jólasveinarnir í Dimmuborgum“. Horft er til þess að verkefnið er stutt af Vaxtarsamningi Norðausturlands, en í forsendum þess er m.a. lagt upp með að sveitarfélög komi þar að, annaðhvort með beinum hætti eða með verkefnaframlögum. Verkefnið hefur verið með verulegri aðild AÞ á undanförunum árum, en nú er unnið að flutningi verkefnisins til Mývatnsstofu og hefur gott samstarf þegar hafist milli aðila. Þá kemur og fram í bréfinu að árangurinn sýni að verkefnið er á réttri leið, en nú þegar er orðin 60% aukning gesta í Dimmuborgum frá árinu 2007.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir viðræðum við aðila jólasveinaverkefnisins um áframhaldandi rekstur og aðild sveitarfélagsins að verkefninu.

7. Erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. AÞ., vegna framlaga sveitarfélaganna til AÞ. á grundvelli samstarfssamnings.

Borist hefur áætlun um dreifingu framlaga til AÞ milli sveitarfélaganna á grundvelli samstarfssamnings frá 2003. Þar er gert ráð fyrir að framlagið hækki um 13% frá fyrra ári. Fast framlag Skútustaðahrepps fyrir árið 2009 verður því 472.760,-

Sveitarstjórn samþykkir áðurnefnda hækkun.

8. Fulltrúi í stjórn Náttúrustofu Norðausturlands.

Böðvar Pétursson hefur beðist lausnar frá setu í stjórn Náttúrustofu Norðausturlands.

Sveitarstjórn samþykkir að í hans stað komi Margrét Hólm Valsdóttir.

9. Fyrirhugðuð sameining Heilbrigðisstofnana á Norðurlandi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur heilshugar undir ályktun starfsmannafundar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga frá 7. janúar. s.l. Auk þess þá samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir þungum áhyggjum vegna þeirra breytinga sem heilbrigðisráðherra boðar í heilbrigðiskerfinu. Boðaðar breytingar virðast unnar án samráðs við sveitarstjórnir og fagaðlila á svæðinu, slík vinnubrögð eru ekki sæmandi. Vandséð er að sameining heilbrigðisstofnana á svæðinu frá Hrutafirði í vestri til Bakkafjarðar í austri leiði til sparnaðar nema ráðherra hyggist leggja einhverja sjúkrastofnun á þessu svæði niður, það myndi leiða til niðurskurðar í þjónustu og skerðingar á öryggi íbúanna. Það eru gömul sannindi og ný að sparnaður hjá ríkinu hefur í för með sér aukinn kostnað annars staðar, þ.e. hjá heimilum og/eða sveitarfélögum. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að áframhaldandi niðurskurður í heilbrigðiskerfinu muni hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í nánustu framtíð og hafa gríðarleg áhrif á búsetuskilyrði í Þingeyjarsýslum. Við slíkt verður ekki unað.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á heilbrigðisráðherra að endurskoða ákvörðun sína um boðaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu og gefa fagaðilum

og sveitarstjórnnum á svæðinu tækifæri til að koma að tillögum um hagræðingu í heilbrigðiskerfinu.

10. Forsvarsmenn AÞ. mæta til fundarins.

Til fundarins mæta Reinhard Reynisson framkvæmdastj. AÞ. og Sigurgeir Höskuldsson varaformaður stjórnar AÞ.

Reinhard fór yfir samning sveitarfélaganna sem gerður var við Atvinnuþróunarfélagið 2003. Farið var yfir rekstrarstöðu AÞ. m.a. í ljósi afgreiðslu fjárlaga 2009. Rædd voru sameiginleg verkefni og vaxtarsamningur Norðausturlands. Fram kom að íbúar/fyrirtæki í Skútustaðahreppi væru duglegri við að nýta sér þjónustu Atvinnurþróunarfélagsins, en íbúar annarra sveitarfélaga innan AÞ.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.